



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

Fyrir útihátíð (Októberfest SHÍ) á bílastæði við Háskóla Íslands að Sæmundargötu.

Nafn leyfishafa: Stúdentaráð Háskóla Íslands

Heimilisfang: Háskólatorgi Sæmundargötu 4 Póstnúmer: 102

Kennitala: 630269-5129

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2025

Gildir: 04.09.2025 – 06.09.2025

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemi kanna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir útihátíðina Októberfest SHÍ í Vatnsmýrinni við Sæmundargötu 4. til 6. september 2025, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir útisamkomur, almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og almennum starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir færanlega matvælastarfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2025



Reykjavík

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

04-06-2025 23:49

Tungumál á Mínum síðum: IS

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Tímabundið leyfi

Áætluð lok starfsemi

04-09-2025

Starfsemi hefst

06-09-2025

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Októberfest SHÍ

Aðsetur starfsstöðvar

Malarstæði við Háskóla Íslands

Póstnúmer aðseturs

102

Símanúmer

Netfang

@hi.is

Heimasíða

-

Nafn fyrirtækis

Stúdentaráð Háskóla Íslands

Kennitala fyrirtækis

6302695129

Lögheimili fyrirtækis

Sæmundargötu 4

Póstnúmer fyrirtækis

102

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Daníel Hjörvar Guðmundsson

Kennitala forsvarsmanns**Sími forsvarsmanns****Netfang forsvarsmanns**

@hi.is

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Ekki í fasteign (lóðir, færanleg starfsemi, útihátíðir, vatnsverndarsvæði t.d.)

Staðsetning

Malarstæði við Háskóla Íslands

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Matvælastarfsemi

Tegund starfsemi

Annars konar matvælastarfsemi en hægt er að velja hér að ofan

Lýsið hvers konar starfsemi

Útihátíð

Mat á áhættu (haka á við áhættumestu þætti starfseminnar)

Lítil áhætta (engin meðhöndlun óvarinna matvæla eða eldun, frystivörur, ekki kælivörur)

Fjöldi starfsmanna á ársgrundvelli sem vinnur við meðhöndlun matvæla

0

Fjöldi neysluskammta á dag (ef við á)

-1

Framleiðslumagn á ári (í tonnum) (ef við á)

-2

Helsti búnaður í eldhúsi/framleiðslurými

Á ekki við

Ræstiaðstaða

Annað

Ef annað, þá hvað?

Á ekki við

Starfsmannaaðstaða

Annað

Ef annað, þá hvað?

Á ekki við

Lageraðstaða og kælimiðlar

Kæli- og frystiaðstaða nægileg fyrir starfsemina

Heiti kælimiðils (-la)

0

Magn kælimiðils (-la)

0

Matvælaöryggiskerfi (innra eftirlit)

Einfalt innra eftirlit, flokkur 1

Nánari lýsing á starfseminni

Margt sem á ekki við og ég fyllti það út þá bara með "0" eða "á ekki við". Við töldum okkur þó þurfa að sækja um þetta leyfi

Fylgigögn

Viðbótargögn

-



Starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir útihátíðina Októberfest SHÍ í Vatnsmýrinni við Sæmundargötu 04. til 06. september 2025

Starfsleyfi þetta gildir fyrir útihátíðina Októberfest SHÍ í Vatnsmýrinni við Sæmundargötu 04. til 06. september 2025. Rekstraraðili (Stúdentaráð Háskóla Íslands. Kt: 630269-5129) ber að öllu leyti ábyrgð á starfseminni, þ.á.m. að fara að þeim lögum og reglugerðum sem um hana gilda.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, lög nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðir samkvæmt þeim, reglugerð 903/2024 um hollustuhætti, reglugerð 724/2008 um hávaða. Um meðferð, sölu og dreifingu matvæla gildir matvælalöggjöf.

Samþykkt afnotaleyfi af borgarlandi þarf að liggja fyrir áður en starfsemi hefst.

Um starfsemina gilda að auki eftirfarandi starfsleyfisskilyrði eftir því sem við á:

- Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir útisamkomur.
- Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.
- Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir færanlega matvælastarfsemi.

Almennt

Hámarksgestafjöldi er 6000 manns.

Halda ber hátíðarsvæðinu hreinu og snyrtilegu og gæta þess að ónæði vegna hátíðarinnar í nálægri byggð verði í lágmarki.

Tónleikum skal vera lokið eigi síðar en hér segir: 23:30 alla daga.

Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæði, lóð, aðstöðu og búnað þannig úr garði að það sé sem öruggast og skrá skal slys og óhöpp sem verða.

Virða skal ákvæði laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og reglugerðar nr. 326/2007 um takmarkanir á tóbaksreykingum og laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Fullnægjandi þrífum skal lokið eins fljótt og kostur er eftir og eigi síðar en þremur klst. eftir hátíðinni lýkur.

Hávaði

Virða skal ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og ákvæði 31. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti hvað varðar ónæði og skal rekstraraðili gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði í samræmi við ofangreindar reglugerðir.

Samkvæmt ákvæðum 10. gr. reglugerðar um hávaða skal ábyrgðaraðili auglýsa fyrir íbúum og kynna með sannanlegum hætti útiskemmtanir og útítónleika, sem haldnir eru í þéttbýli a.m.k. sólarhring áður en skemmtun eða tónleikar hefjast. Í kynningunni skal koma fram hvenær atburður hefst og hvenær honum lýkur.

Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða í nærliggjandi íbúðabyggð. Rekstraraðili skal fylgjast með næsta umhverfi og ef hávaði veldur ónæði í nærliggjandi íbúðabyggð ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að lágmarka það.

Rekstraraðili skal tryggja að fylgt sé ákvæðum reglugerðar um hávaða. Sérstök athygli er vakin á töflu V í reglugerð nr. 724/2008 um mörk hávaða á samkomum.



Tafla V. Mörk fyrir hávaða á samkomum			
	Jafngildishljóðstig	Hámarkshljóðstig	Hæsti hljóðtoppur
Samkomustaðir, útiskemmtanir og aðrir staðir þar sem fólk dvelur í skamman tíma	95 dB(A)	110 dB(A)	130 dB(A)

Sorp og umgengni

Nægjanlegur fjöldi sorpílata skal vera til staðar og skulu sorpílat tæmd reglulega og eftir þörfum á meðan á hátíðinni stendur þarf að vakta svæðið, þrifa, tína upp rusl eftir þörfum og lagfæra það sem aflaga fer.

Snyrtingar

Þar sem ekki er aðgangur að fullbúnum snyrtingum á útisvæðinu leggst heilbrigðiseftirlitið ekki gegn því að þar séu notuð færanleg salerni fyrir gesti. Fjöldi færanlegra salerna skal að lágmarki vera í samræmi við gr. 31 í reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Gerð er krafa um að á salernum sé handþvottaaðstaða með fljótandi sápu og einnota handþurrkum eða sótthreinsandi þvottakremi/gerileyði ásamt einnota handþurrkum. Salernin skulu tæmd og þriffin eftir þörfum. Tæming á úrgangi frá salernum skal fara fram á stöðum sem hafa starfsleyfi fyrir móttöku á slíkum úrgangi.

Rafstöð

Farið skal að ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og þess gætt að við notkun og áfyllingu á rafstöð skapist ekki hætta á mengun.

Matvæli

Sölustaðir matvæla:

- 1. Matvæli á hátíðinni eru seld á börum og í matsöluvögnum.
- 2. Allir söluaðilar matvæla skulu hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur eða öðru heilbrigðiseftirlitssvæði. Óheimilt er að selja matvæli á hátíðinni án starfsleyfis.
- 3. Öll matvæli skulu seld í einnota umbúðum sem ætlaðar eru matvælum.
- 4. Skylt er að hafa sósir og dressingar í lokuðum brúsum (skvísur). Lágmarka skal notkun margnota áhalda og meðhöndlun óvarinna matvæla.
- 5. Bjór verður seldur úr einnota áldósum og annað áfengi úr plastglösum.

Reykjavík, 14. júlí 2025

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur